

Hæstvirtur sjávarútvegsráðherra, aðalfundarfulltrúar og aðrir gestir, ég býð ykkur öll velkomin á 31. aðalfund Landssambands smábátæigenda.

Landssamband smábátæigenda er 30 ára eftir fimmtíu og tvo daga og það hlýtur að teljast til talsverðra tíðinda að náðst hafi að hemja svo óstýrilátan hóp í svo langan tíma. Sem betur fer hefur hópnum tekist að vinna sameinaðir að flestum þeim málum sem hafa skipt sköpum fyrir heildina. Ég held að fáir geti ímyndað sér þá stöðu sem væri í höfnum landsins ef smábátarnir væru ekki þar. Það þarf kjark, þor og vilja til þess að standa sjálfur í brúnni og berjast við náttúruöflin á eigin forsendum.

Þar eru smábátasjómenn sterkastir þegar mest á reynir.

Mér er ofarlega í huga eins og mörgum öðrum þessa dagana allir þeir öryggisþættir og sá öryggisbúnaður sem ætlaður er til bjargar þegar og ef hætta steðjar að hjá sjófarendum.

Það er ótrúlegt að sá hörmulegi atburður sem varð þegar Jóni Hákonni BA hvolfdi við Vestfirði í sumar skuli enn vera á borði Rannsóknanevndar sjóslysa. Það hefur ekkert komið fram sem skýrt hefur hvers vegna bátnum hvolfdi í blíðskaparveðri. Að sama skapi er það með ólíkindum

að ekki skuli vera búið að taka til endurskoðunar þann öryggisþátt sem Landhelgisgæslan sinnir. Eftirlit með skipaumferð í gegnum sjálfvirkan staðsetningarbúnað er byggt upp á sendum um borð í bátunum og móttökustöðvum í landi. Of fáar móttökustöðvar í landi mynda svokölluð skuggasvæði og veikar sendingar frá bátum úti á sjó gera það að verkum að bátar eru að detta út úr kerfinu. Þær verklagsreglur sem er fylgt eru þær að kallað er í viðkomandi og hann beðinn um að gefa upp staðsetningu og hvort allt sé í lagi um borð. Veik sending búnaðar um borð eða staðsetning báts á skuggasvæði leiðir til þess að uppkall Landhelgisgæslu á neyðarrás til viðkomandi báta eða báts verður orðið að óþægindum þegar um er að ræða tímabil sem telur í mánuðum og árum. Þarna er gat í kerfinu sem þarf að laga. Það þarf einnig að fylgja því eftir að rétt nafn báts sé skráð í eftirlitskerfið svo ekki sé um að villast um hvaða bát ræðir.

Þau öryggistæki sem bátsverjar á Jóni Hákonni áttu allt sitt undir brugðust á allan hátt og allt ferlið sem lýtur að öryggisþætti þessa báts þarf að endurskoða. Þá meina ég auðvitað öll þau gögn sem liggja fyrir um ástand og úttektir á búnaði og einnig allar skoðanir og prófanir. Allir sjófarendur treysta því og eiga allt sitt undir að sá búnaður sem er viðurkenndur sem björgunarbúnaður komi til bjargar þegar á þarf að halda. Því biðlum við til stjórnvalda að allt sé gert í öryggismálum sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sjófarendur upplifi sig ekki í fölsku öryggi.

Eitt af þeim aðalatriðum sem hafa hvað mest áhrif á stöðu okkar sem fiskimenn og útgerðaraðilar eru auðvitað mælingar Hafró og svo ákvörðun þeirra um heildarafla hvers fiskveiðíárs. Varla þarf að taka fram hve ótrúleg ákvörðun nefndar var sem hafði til endurskoðunar aflareglu í þorski á komandi fiskveiðiarum.

Við höfum verið gagnrýndir fyrir að vera ósanngjarnir í málflutningi hvað varðar heildarafla hvers árs í þeim tegundum sem við nýtum. Ég ætla ekki að þreyta ykkur á upptalningu hveðrar tegundar fyrir sig en með ýsuna verð ég að segja að þar er Hafró með allt niður um sig. Á fiskveiðíárinu 2014/2015 var ýsuafli skertur um 20% úr 36 þús. tonnum í 30 þús. tonn og þá var okkur tilkynnt að við mættum þakka fyrir að fara ekki niður í 20 – 25 þúsund tonn á næstu árum miðað við mælingar og nýliðun. Þetta gagnrýndum við og töldum að mælingar sem stuðst er við sýni ekki rétta mynd af því magni sem er á grunnslóðinni. Núna á fiskveiðíárinu 2015/2016 er aukið aftur um 20% og útgefið heildaraflamark í ýsu 36 þúsund tonn og ekkert sem kemur fram um að draga þurfi verulega úr veiðum. Það er okkar álit að Hafrannsóknastofnun hafi verðfellt ýsuna frá Íslandi með þeim yfirlýsingum að á næstu árum yrði ekki veitt nema 20 til 25 þúsund tonn. Það er eðlilegt að kaupendur leiti fyrir sér að nýjum mörkuðum þegar útlit er fyrir talsverðan samdrátt í veiðum. Ýsuverð á fiskmörkuðum er rúmum 20% lægra það sem af er þessu fiskveiðíári.

Makrílveiðar smábáta voru settar í algert uppnám með reglugerðar-breytingu um að allur makrill yrði aflamarkssettur. Þar var verið að hygla fáum einstaklingum á kostnað fjöldans og öllu tjaldað til að verið væri að koma í veg fyrir ofveiði á stofninum og halda samkomulag við alþjóðasamfélagið.

Á meðan þessi rulla er tuggin aftur og aftur ofan í okkur er ósamkomulag strandríkja í Norður-Atlantshafi að leiða til þess að veitt er 800 þúsund tonn samanlagt umfram ráðgjöf í makríl, kolmunna og norsk-íslenski síld.

Góðir fundargestir!

Sú gjaldtaka sem sífellt er verið að auka á sjávarútveg er að bitna hvað harðast á smærri útgerðunum, allar þær hækkanir á skoðunum, þjónustu og eftirliti gera það að verkum að sífellt er erfiðara að ná endum saman.

Þrátt fyrir að náðst hafi talsverð lækkun á veiðigjöldum miðað við það sem lagt var fram í frumvarpi í vor þá koma þau til með að vega þyngra í útgjöldum okkar. Fiskverð er lækkandi á mörkuðum eins og kom fram fyrir í ræðunni og við greiðum fasta krónutölu sem tekur mið af sölu sjávarafurða síðastliðin ár. Þegar veiðigjöld eru farin að slaga hátt í að vera um 10% af fiskmarkaðsverði eins og raunin er í ýsu þá sjáum við á hvaða leið við erum. Þá er makrillinn kapítuli útaf fyrir sig, það má áætla að verð sem fékkst fyrir hann sé um 45 kr. Veiðigjaldið er 8,23 kr eða

tæp 20% af söluverði. Það sjá það allir að þetta gengur ekki upp og þarf að skoða strax. Það þarf líka að stuðla að því að þeir sem selja afla sinn á fiskmarkað fái afslátt af veiðigjöldum því þeir eru ekki í sömu stöðu og aðrir sem eru með vinnslu á bak við sig.

Breytingar sem þarf að gera til framtíðar gerast ekki með einni hárbæitri athugasemd formanns eða framkvæmdastjóra við setningu aðalfundar. Þær gerast með samstilltu átaki samtaka sem þessum þar sem róíð er í eina átt að sameiginlegu markmiði sem er flestum til hagsbóta.

Það er ótrúlegt að sjávarútvegsráðherra skuli ekki nýta sér þann meðbyr sem nú liggur í loftinu og nota tækifærið til að breyta fyrirkomulagi við strandveiðar. Gefa mönnum kost á því að róa 4 daga í viku hverri með þeim takmörkunum sem þó eru fyrir í kerfinu. Það myndi auka öryggi þeirra sem stunda strandveiðar til muna með minni sókn í vafasömum veðrum. Við erum að veiða alltof lítið úr þorskstofninum og höfum verið að gera það undanfarin ár þannig að það er næg innistæða fyrir aukinni strandveiði.

Ég vona að hæstvirtur sjávarútvegsráðherra geri sér grein fyrir þeirri mikilvægu stöðu sem að hann gegnir sem talsmaður sjávarútvegs í heild fyrir Ísland og hve miklu máli smábátar og veiðar smábáta skipta fyrir ímynd Íslands í heild.

Að sama skapi skiptir miklu máli að í rödd smábátasjómannanna sé samhljómur og vilji sé til þess að vinna að málum sameinaðir. Við þurfum breiða flóru fiskimanna á öllum miðum í kringum landið til að fá sem fjölbreyttasta sýn á hafsvæðið sem við byggjum að mörgu leyti lífsafkomu okkar á.

Við þurfum að vinna að þessum málum saman og til þess þarf vilja og samræður. Það er skylda okkar gagnvart íslensku samfélagi að skila eins góðu hráefni og hægt er hverju sinni og hámarka verðmæti hvernar tegundar fyrir sig. Enn og aftur vil ég minna á að við smábátasjómenn erum í fremstu röð með ferskasta, verðmætasta og sjálfbærasta hráefni sem að völ er á.

Aðalfundarfulltrúar, ykkar bíða tillögur svæðisfélaga LS í þeim nefndum sem þið eruð skipaðir í og óska ég ykkur alls góðs við vinnu ykkar þar. Ég vænti þess að aðalfundur LS muni skila vel unnum tillögum og ályktunum sem stjórnvöld koma til með að styðjast við og vinna eftir til framtíðar.

Ég segi 31. aðalfund Landssambands smábátæigenda settan.